

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Einarsson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2000060020  
6100; 9310

Reykjavík, 26. júlí 2000  
/--

### **Efni: Bygging brimvarnargarðs og viðlegukants á Húsavík. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.**

Vísað er til erinda Siglingastofnunar dags. 6. og 23. júní þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu byggingar á nýjum brimvarnargarði og viðlegukanti á Húsavík.

Skipulagsstofnun leitaði álits Húsavíkurkaupstaðar, Tjörneshrepps, Náttúruverndar ríkisins og Hafrannsóknarstofnunar. Álit bárust frá Húsavíkurkaupstað með bréfi dags. 5. júlí 2000, Tjörneshreppi með bréfi dags. 13. júlí 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 6. júlí 2000 og Hafrannsóknarstofnun með bréfi dags. 12. júlí 2000.

Í framlögðum gögnum Siglingastofnunar kemur fram að um 4.000 tonna skip fara um höfnina í dag. Fram kemur að framkvæmdin felst m.a. í byggingu 300 m langs grjótgarðs og 120 m langrar stálþilsbryggju innan við garðinn. Einnig er áætluð efnistaka við Máná á Tjörnesi þar sem þarf að sprengja um 235.000 m<sup>3</sup> af fastri klöpp til að fá um 140.000 m<sup>3</sup> af grjóti. Úr námu G í Kötlum við Húsavík er áætluð efnistaka 105.000 m<sup>3</sup>. Á sjávarbotni utan við Héðinsvík er reiknað með um 50.000 m<sup>3</sup> efnistöku af 10-20 m dýpi. Samtals er áætluð efnisþörf í brimvarnargarð 295.000 m<sup>3</sup>. Fram kemur að áður hafa verið unnir 35.000 m<sup>3</sup> af grjóti við Máná og um 100.000 m<sup>3</sup> úr námunni í Kötlum.

### **Efnistaka**

Í framlögðum gögnum Siglingastofnunar kemur fram að námur vegna verksins séu matsskyldar þar sem um sé að ræða námuvinnslu sem nemi meira en 150.000 m<sup>3</sup>.

Að mati Húsavíkurkaupstaðar mun efnistaka í námu G í Kötlum nýtast til að bæta umgengni á námásvæðinu og beri ekki að ákvarða þann þátt framkvæmdarinnar matsskyldan.

Náttúruvernd ríkisins telur ljóst að í námunni við Máná þurfi að sprengja um 235.000 m<sup>3</sup> af fastri klöpp, en öllu óljósara sé hversu mikið magn verði sprengt í námu G í Kötlum. Náttúruvernd ríkisins telur að ef fleiri af reitum A-G í Kötlum komi til greina sem efnistökuastaðir megi telja efnistöku þá umfangsmikla að hún sé matsskyld framkvæmd sbr. 3. viðauka 1.i í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins telur að náma G í Kötlum sé ný náma þótt efni hafi áður verið tekið á þessu svæði. Því eigi að leggja fram áætlun um vinnslu og frágang sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Húsavíkurkaupstaður telur að fyrirhuguð efnistaka af hafsbotni, sem sé malarbotn, í Héðinsvík sé óveruleg og ekki beri að ákvarða þann þátt framkvæmdarinnar matsskyldan. Tjörneshreppur telur ekki ástæðu til fram fari mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Héðinsvík. Í álitum Náttúruverndar ríkisins kemur fram að þar sem ekki sé vitað um nákvæma staðsetningu efnistöku á sjávarbotni, skorti upplýsingar um áhrif staðsetningar framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa sbr. 2. og 3. grein í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og umfang sbr. lið 1. i. í 3. viðauka. Stofnunin bendir á 47. gr. laga nr. 44/1999 varðandi efnistöku af hafsbotni. Hafrannsóknarstofnun telur að þar sem ekki liggi fyrir vitneskja um botngerð og lífríki í Héðinsvík og mikilvægi svæðisins fyrir fiskveiðar sé ráðlegt að meta umhverfisáhrif þegar um svo verulegt efnisnám sé að ræða.

### **Bygging brimvarnargarðs og viðlegukants**

Í framlögðum gögnum Siglingastofnunar kemur fram að gerð jarðlaga í Húsavíkurbökkum sé þannig að bakkarnir séu mjög viðkvæmir fyrir rofi og gerð hafi verið sjóvörn við bakkafótinn til að verjast landbroti. Fram kemur að hugsanleg umhverfisáhrif brimvarnargarðsins séu þau að hann muni minnka ágang sjávar á fjöru undir Húsavíkurbökkum og draga þannig úr hættu á landbroti. Einnig kemur fram að garðurinn muni sjást vel úr hluta af bænum og til að mannvirkið verði ekki til lýta verði vandað til við hleðslu og allan frágang.

Að mati Húsavíkurkaupstaðar ber ekki að ákvarða byggingu brimvarnargarðs og viðlegukants sem matsskylda framkvæmd þar sem hann sé innan hafnarvæðis og það sé skilgreint í núgildandi skipulagi.

Að álitum Náttúruverndar ríkisins eru þær upplýsingar um umhverfisáhrif garðsins sem fyrir liggja frekar takmarkaðar og illmögulegt út frá þeim að meta áhrif framkvæmdarinnar.

Hafrannsóknarstofnun telur að þar sem þegar hafi átt sér stað rask á framkvæmdasvæði væntanlegs brimvarnargarðs og viðlegukants sé ekki nauðsyn á mati á umhverfisáhrifum.

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Um er að ræða breytingu á höfn þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, sem samkvæmt 6. gr. og lið 13. a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu álit Húsavíkurkaupstaðar, Tjörneshrepps, Náttúruverndar ríkisins og Hafrannsóknarstofnunar er það mat Skipulagsstofnunar að bygging á nýjum brimvarnargarði og viðlegukanti á Húsavík sé ekki matsskyld framkvæmd samkvæmt fyrirnefndum lögum.

Eins og fram kemur í erindi Siglingamálastofnunar eru námur vegna verksins matsskyldar þar sem um sé að ræða námuvinnslu sem nemi meira en 150.000 m<sup>3</sup>. Skipulagsstofnun gengur út frá því að hér sé átt við alla efnistöku á landi og í sjó sem getið er hér að framan og er tengd byggingu nýs brimvarnargarðs og viðlegukants á Húsavík og því þurfi ekki að úrskuða sérstaklega um hana.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. ágúst 2000.

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl:

1. Álit Húsavíkurkaupstaðar dags. 5. júlí 2000
2. Álit Tjörneshrepps dags. 13. júlí 2000
3. Álit Náttúruverndar ríkisins dags. 6. júlí 2000
4. Álit Hafrannsóknarstofnunar dags. 12. júlí 2000

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Siglingastofnunar:

Umhverfisráðuneytið  
Húsavíkurkaupstaður  
Tjörneshreppur  
Náttúruvernd ríkisins  
Hafrannsóknarstofnun